FLÓAMARKAÐURINN

Nothæf eldavél
óskast. Er einhver, sem vill losa sig við gömlu eldavélina sína fyrir lítið eða (það sem væri enn betra) ekkert?
Mig bráðvantar eina slíka. Má vera aldin en þarf að vera í sæmilegu lagi. Vinsamlegast hringið í síma 81333. (auglýsingadeild) á skrifstofutíma.

Timburuppistöður
Ódýrar timburuppistöður, 1½x4, og 2x4, stuttar lengdir. Upplýsingar í síma 76543.

Stanley handfræsari
til sölu. Lítið notað verkfæri. Upplýsingar í síma 71769.

Til sölu
Marshall bassabox, staðgreiðsluverð 6.000 kr, og Farfisa Lesley, staðgreiðsluverð 8.000 kr.
Upplýsingar í síma 28947 eftir kl. 17.

Íbúð óskast
5 manna fjölskylda óskar eftir að taka á leigu 5-6 herbergja íbúð eða hús. Upplýsingar í síma 82527.

Skólafólk – látið sumarhýruna endast
Verslið á **flóamarkaðinum** Hafnarstræti 17, kjallara. Opið: mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 2-6 e.h.
Samband dýraverndunarfélaga Íslands.

Til sölu
er 20 fermetra ónotað, drapplitað Álafossullarteppi með filti og listum. Selst á 14.000 krónur, kostar í búð 30.780.- Upplýsingar í síma 611036.

Dúkkurúm til sölu
hvít með handmáluðum rósum, í tveimur stærðum. Rúmin eru skrúfuð og límd saman og er óhætt að fullyrða að þau endast í mannsaldur. Auður Oddgeirsdóttir sími 611036.

Til sölu
Eikarkojur (hlaðrúm) til sölu. Sími 12084.

Nýjar kartöflur til sölu
Handuppteknar og án allra úðunar- og eiturefna. Sími 10282 á kvöldin.

Vantar píanó
Mig bráðvantar notað píanó til kaups eða leigu. Upplýsingar í síma 45902.

Trabant '79
á góðum vetrardekkjum, selst til niðurrifs fyrir lítið. Er með góðan gírkassa, vél í lagi og margt annað brúklegt. Upplýsingar í síma 671901 eftir kl. 19.

Til sölu
frystikista, Eletrolux, ca. 400 l. Lengd 1,32 m, breidd 63 cm. Upplýsingar í síma 32397 eftir kl. 18 næstu daga.

VW bjalla árg. '74
til sölu. Þokkalegur bíll, skoðaður '85. Verð 25-30 þúsund. Upplýsingar í síma 31853.

Svalavagn
Óska eftir svalavagni. Upplýsingar í síma 17482.

Dagmömmur athugið
5 mánaða gamlan snáða vantar barnagæslu frá kl. 12-17 frá 1. nóvember. Helst í Vesturbæ eða Hlíðar, annað kemur þó til greina. Vinsamlegast hringið í síma 616467.

Einmana hvítur kvenpáfagaukur
óskar eftir karlpáfagauk. Símar 23218 eða 14055.

Til sölu
skápasamstæða og borðstofuborð, ásamt 4 stólum. Einnig ljósakróna, Kalkhoff drengjahjól, kvenskíðaskór nr. 39. Upplýsingar í síma 77932.

Heimilisstörf
verða oft útundan hjá okkur. Er einhver góð manneskja ung eða gömul sem vill fá smáaukapening fyrir 2 tíma á viku. Þá vinsamlegast hringið í síma 35528.

Barnapía óskast
í Vesturbænum öðru hvoru um helgar og á kvöldin. **Sími 22507 eftir kl. 17.**

Notar þú ekki píanóið þitt?
Dóttir okkar er að byrja að læra á píanó samkvæmt eigin vali. Gallinn er bara sá að við eigum ekkert píanó, þess vegna viljum við kaupa notað píanó. Það verður að vera gott til að auka áhugann. Ef þú getur liðsinnt okkur hafðu þá samband eftir hádegi í síma 621132.

Félagasamtök/Fyrirtæki
Tökum að okkur að dreifa blöðum, bæklingum og fleiru. Hafið samband eftir kl. 17 við Maggý í síma 19513, eða Rósu í síma 46538.

Hjónarúm til sölu
með 2 lausum náttborðum. Einnig á sama stað svefnbekkur til sölu. Upplýsingar í síma 16328 eða 18590.

Til sölu
Borðstofusett + 6 stólar. Selst á 5000 krónur. Upplýsingar í síma 54708 eftir kl. 16.

Útboð

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í **Norðurlandsveg um Lækjamótsmela.**

Helstu magntölur:

Lengd	1,9	km
Fylling, fláafleygar og burðarlag	53.000	m³

Verkinu skal lokið 1. júní 1986.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík og Borgarsíðu 8, 550 Sauðárkróki frá og með þriðjudeginum 15. október 1985.

Skila skal tilboðum fyrir kl. 14:00 hinn 28. okt. 1985.

Vegamálastjóri

BLAÐBERAR ÓSKAST

Kaplaskjólsvegur, Meistaravellir.

ÞJÓÐVILJINN



Blikkiðjan

Iðnbúð 3, Garðabæ

Önnumst þakrennusmíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði.
Gerum föst verðtilboð

SÍMI 46711

VIÐSKIPTI

Bækur

Ævisaga Kjarvals




Út er komin hjá Almenna bókafélaginu ævisaga Jóhannesar S. Kjarvals eftir Indriða G. Þorsteinsson. Þetta er mikið verk í tveimur bindum og rekur ævi Kjarvals frá fæðingu á Efriey í Meðallandi 15. október 1885 og til dauðadags 13. apríl 1972. Auk þess eru margar myndir í ævisögunni, bæði litprentanir af málverkum og ljósmyndir frá ævi listamannsins og af samferðafólki hans.

Indriði G. Þorsteinsson var af Hússtjórn Kjarvalsstaða ráðinn árið 1976 til að rita þessa ævisögu. Hefur hann unnið að því verki síðan, fyrst við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna, en eiginleg ritun sögunnar hófst ekki fyrr en um áramótin 1983-84, að því er hann segir í eftirmála við verkið. Davíð Oddsson borgarstjóri ritar formálsorð fyrir verkinu.

Ævisaga Kjarvals er glæsileg bók og hefur Hafsteinn Guðmundsson ráðið allri uppsetningu hennar og útliti. Val málverka sem myndir eru af í ævisögunni hefur Frank Ponzi annast og haft umsjón með prentun þeirra. Þar sem verkið er unnið að frumkvæði Reykjavíkurborgar hafa aðilar í stjórn borgarinnar fylgst náið með framvindu þess og hefur Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsýslu borgarinnar mest komið þar við sögu.

Ævisaga Kjarvals er eins og áður segir í tveimur bindum. Fyrra bindið er 288 bls. að stærð og síðara bindið 326 bls. og eru þá myndasíður ekki taldar með. Filmuvinnu og prentun bókarinnar hefur Prentsmiðjan Oddi annast.



Sviðsmyndir

Óskar fer í reisu

Fyrirtækið SviðsMyndir h/f hefur fengið beiðni um að gera tvær brúður eða fígúrur í tilraunaskyni fyrir Jyske Bank í Danmörku. Sá banki hefur um nokkurt skeið haft nána samvinnu við Iðnaðarbankann á Íslandi.

Markaðsstjóri Jyske Bank heimsótti sýninguna, Heimilið '85, í sumar og sá þar Óskar, sparibauk Iðnaðarbankans, stækkaðan upp í stóra brúðu eða fígúru sem fullorðinn maður gat staðið inní og hreyft sig í. Þessi stóri Óskar dró að sér mikla athygli, einkum þeirra yngri og pantaði fulltrúi Jyske Bank tvær slíkar verur til að nota í kynningarstarfi í Danmörku.

Eftir fimm mánaða starfsemi býður fyrirtækið uppá nýja þjónustu. Í rúmgóðum húsakynnum SviðsMynda hefur verið útbúið 100m² stúdíó, þar sem hægt er að stilla upp bakgrunni með endalausum útfærslumöguleikum.

Flugleiðir

Breytingar

Steinn Lárusson hefur verið ráðinn svæðisstjóri Flugleiða í Noregi með aðsetri í Ósló og tekur hann við því starfi þann 20. þessa mánaðar. Steinn var ráðinn sölustjóri Flugleiða í Noregi í ársbyrjun 1984, en var áður um árabil framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Úrvals. **Skarphéðinn Árnason** sem verið hefur svæðisstjóri í Noregi hefur af heilsufarsástæðum óskað eftir að láta af þeim starfa, en mun vinna sem sölu- og markaðsráðgjafi við skrifstofu félagsins í Ósló.

Þá hefur **Sigmar Sigurðsson** verið ráðinn forstöðumaður farmsöludeildar Flugleiða frá 15. janúar næstkomandi. Sigmar kemur því aftur til starfa hjá Flugleiðum, en síðustu ár hefur hann veitt starfsemi Cargolux í Austurlöndum forstöðu með aðsetri í Hong Kong. **Sigurður Matthíasson** hefur veitt farmsöludeild forstöðu frá árinu 1973. Sigurður mun hafa umsjón með daglegum rekstri Bílaleigu Flugleiða auk annarra sérverkefna innan Flugleiða.

Afurðasalan

Hinir heppnu

Í tengslum við fjölskylduhátíð Afurðasölunnar og Goða helgina 21.-22. september sl., Kjötdaga, var gestum boðið að taka þátt í getraun með yfirskriftinni: „Hvers vegna er íslenskt lambakjöt eins bragðgott og raun ber vitni?“.

Þátttakendur urðu alls 2453 talsins og rétt svör höfðu um 1200. Vinningar í boði voru 10 lambaskrokkar (1/1), hlutaðir niður og pakkaðir í lofttæmdar umbúðir.

Dregið hefur verið úr réttum vinningum og hinir heppnu voru þessir: Agnar Bragi Bragason, Anna Jósepsdóttir, Ásdís Gunnarsdóttir, Birkir Björnsson, Júlíus Guðmundsson, Katrín Pétursdóttir, Kristján Pétursson, Steinunn Guðbjörnsdóttir, Þorbjörg Þorbergsdóttir, Þórunn Lýðsdóttir.

Bókrún hf

Tvær bækur væntanlegar

Minnisbók Bókrúnar 1986 kemur út 24. október næstkomandi og skömmu síðar annað bindi „Úr ævi og starfi íslenskra kvenna“, útvarpserindi Bjargar Einarsdóttur.

Í tilefni loka kvennaáratugar Sameinuðu Þjóðanna kemur sérstæð minnisbók eða dagbók fyrir almanaksárið 1986 með fróðleik um konur og störf þeirra við hvern dag ársins. Minnisbókin kemur út á 10 ára afmæli kvennafrísins 24. október 1985 og verður fyrst í kynningarsölu á sýningu '85-nefndarinnar á verkum kvenna dagana 24. til 31. þessa mánaðar í nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Arnarhól í Reykjavík. Síðan fer minnisbókin á bóksölustaði.

Annað bindi útvarpserindanna um íslenskar konur, ævi þeirra og störf, sem Björg Einarsdóttir flutti í útvarpið síðastliðna tvo vetur, er væntanlegt á bókamarkaðinn á næstunni. Alls verða þrjú bindi í þessu safnriti þar sem fjallað verður um 70-80 konur sem uppi voru á síðari hluta 19. aldar og framan af þeirri 20.

Verslun

Sérverslun með plaköt

Opnuð hefur verið að Laugavegi 33 (UPPI) verslunin Pastel, sérverslun með Gallerý plaköt og innrömmun.

Gallerý plakat er sérhannað myndverk þar sem unnið er með myndir /tákn og letur. Það brúar bilið milli fjöldaframleiddra eftirprentana og málverka eða grafíkmynda í takmörkuðu upplagi. Þessi tegund mynda hefur mjög rutt sér til rúms erlendis sem veggjaprýði á heimilum og vinnustöðvum á síðustu árum.

Sýningasalur Pastel og jafnframt móttaka mynda til innrömmunar er opin á verslunartíma. Nú þegar er boðið upp á 45 gerðir sérsniðinna ramma í öllum regnbogans litum bæði úr tré og áli.

Eigendur verslunarinnar eru Björn Valdimarsson, Guðmunda Valdimarsdóttir, Hafsteinn Árnason og Sigríður Líba Ásgeirsdóttir.